

Viðtakandi:

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
Lækjargötu
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024-2028

Stýrihópur BRAS, menningarhátíðar barna og ungmenna á Austurlandi, fagnar framkominni aðgerðaráætlun um eflingu barnamenningar og þakkar fyrir þá vinnu sem farið hefur fram í tengslum við hana. Að því sögðu vill hópurinn koma á framfæri nokkrum athugasemdum við áætlunina sem fylgja hér á eftir. Í stýrihóp BRAS sitja fulltrúar frá Austurbrú, Sláturhúsinu – menningarmiðstöð, Skaftfelli – Myndlistarmiðstöð Austurlands, Menningarstofu Fjarðabyggðar, Minjasafni Austurlands og verkefnastjóri menningarmála í Múlaþingi.

Hópurinn vill koma á framfæri að:

- Skerpa þarf á orðalagi þegar talað er um þátttöku og aðgengi barna og ungmenna að menningu þannig að skýrt sé að með áætluninni sé markmiðið að ná til allra barna og ungmenna óháð staðsetningu þeirra og stöðu.
- Tryggja þarf að í stjórnnum Listar fyrir alla, Barnamenningarsjóðs Íslands og Miðstöðvar barnamenningar sitji a.m.k. einn aðili frá landsbyggðinni með reynslu af vinnu við listir og menningu fyrir og með börnum.
- Tryggja þarf betur að fjármagn dreifist um allt land óháð fjarlægðum og tilheyrandi aukakostnaði sem hlýst af því að fara með verkefni um landið. Til dæmis væri hægt að nota stuðul um fjarlægð frá höfuðborg. Slíkur stuðull miðast við að hafa ólíka reiknireglu í samræmi við það hvert er farið með viðburði út frá höfuðborginni. Með slíkri reglu má gera ráð fyrir að aukin jöfnuður náist fyrir þau börn sem búa lengst frá þjóðmenningarstofnunum landsins og eru allar á suðvestur horni landsins.
- Tryggja þarf að verkefni dreifist örugglega sem víðast en samkvæmt greinargerð um Barnamenningarsjóð er tilhneiging til þess að verkefni fari ekki á staði sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu ef ekki tekst að fjármagna þau að fullu. Mikilvægt er að koma í veg fyrir slíka mismunun í gegnum regluverk sjóðsins.

Austurlandi, 1. febrúar 2023

Stýrihópur BRAS

